

Stofnanasamningur

Háskóla Íslands, Raunvísindastofnunar Háskólans, Stofnunar Árna Magnússonar, Orðabókar Háskólans, Tilraunastöðvar Háskólans í meinafræði, Íslenskrar málstöðvar og Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns við Félag háskólakennara.

Forsendur röðunar starfa við ofangreindar stofnanir skv. ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. 30. apríl 2001.

1. Gildissvið

Samkomulag þetta nær til félagsmanna í Félagi háskólakennara sem starfa við Háskóla Íslands og ofangreindar stofnanir og njóta ráðningarkjara skv. fyrrgreindum kjarasamningi svo og þeirra sem eru í leyfi, launuðu eða launalaus, barnsburðar- eða veikindaleyfi. Stofnanasamningurinn er hluti kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, dags. **30. apríl 2001**, sbr. 11. gr. hans

2. Grunnröðun

Almennar forsendur röðunar:

Störfum skal raðað í launaramma í samræmi við eðli starfs og starfslýsingu. Raða skal í launarim í samræmi við ábyrgð og umfang verkefna skv. hlutlægum mælikvörðum. Með hugtakinu launarim er átt við láréttar línur innan hvers launaramma. Ákvörðun, sem tekin er um hvaða þættir hafi áhrif á laun og með hvaða hætti, skal hafa ígildi vísireglu gagnvart öðrum starfsmönnum svo að tryggt verði að þeir njóti jafnræðis. Við upphaf ráðningar eru félagsmenn með rannsóknaskyldu metnir til stiga samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands.

i) Röðun starfsheita við Háskóla Íslands og ofangreindar stofnanir í stjórnslýslu, við þjónusturannsóknir og stundakennslu á föstum launum í launaramma:

- A - Aðstoðarmaður, fulltrúi, verkefnisstjóri I
- B - Verkefnisstjóri II, deildarstjóri I, skrifstofustjóri I og stundakennari á föstum launum
- C - Verkefnisstjóri III, deildarstjóri II – III, skrifstofustjóri II, forstöðumaður I-II og framkvæmdastjóri.

ii) Röðun starfsheita við kennslu og rannsóknir þar sem sjálfstæðar rannsóknir eru a.m.k. 40% starfsins:

- B – Lektor, sérfræðingur
- C – Dósent, fræðimaður og vísindamaður

3. Forsendur röðunar starfa við rannsóknir og kennslu

Um er að ræða störf þar sem sjálfstæðar rannsóknir nema a.m.k. 40% af grunnþætti starfs. Með rannsóknum er hér átt við að starfsmaður beiti kunnáttu sinni og hæfileikum til nýsköpunar þekkingar með það að markmiði að birta árangur af starfi sínu í fræðiritum eða með öðrum viðurkenndum hætti.

3.1 Flutningur milli ramma (starfsheita)

3.1.1 Framgangur lektors/sérfræðings í starf dósent/fræðimanns:

Lektor/sérfræðingur á rétt á að fá framgang í starf dósent/fræðimanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

3.1.2 Framgangur dósent/fræðimanns í starf prófessors/vísindamanns:

Dósent/fræðimaður á rétt á að fá framgang í starf prófessors/vísindamanns ef hann fullnægir skilyrðum samkvæmt samningi þessum og dómnefnd metur hann hæfan samkvæmt þeim reglum sem gilda um störf dómnefnda.

3.2 Forgangsörðun starfsþátta

Mat skal byggjast á fjórum meginþáttum. Þeir eru í þessari röð að jafnaði:

- Rannsóknir
- Kennsla og/eða sérfræðistörf
- Stjórnun
- Önnur störf

3.3 Stigagjöf fyrir starfsþætti

Deild/stofnun og dómnefndum er heimilt að nota stigagjöf við mat á starfsþáttum. Deild/stofnun er heimilt að breyta vægi milli einstakra starfsþátta og getur góður árangur í einum þætti komið í stað annarra þátta. Röðun í rim innan ramma ákvarðast af heildarstigafjölda.

3.4 Viðmiðunarkröfur um stigafjölda

Viðmiðunarkröfur um stigafjölda sem er forsenda flutnings milli rima innan ramma. Við flutning á milli ramma eru gerðar sérstakar kröfur um rannsóknarstig samkvæmt sérstökum framgangsreglum sem Félag háskólakennara og HÍ koma sér saman um og hlotið hafa samþykki háskólaráðs. Við flutning milli ramma skal starfsmaður aldrei raðast neðar í launatöflu 1.1.1. í kjarasamningi en hann var fyrir flutninginn. Laun starfsmanns skulu aldrei vera lakari í efri ramma en hann hefði í neðri ramma.

3.4.1 Lektorar, sérfræðingar, dósentar og fræðimenn

Lektorar, sérfræðingar, dósentar og fræðimenn grunnraðast í launarimar samkvæmt neðangreindri töflu og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, sbr grein 3.5.

Lektor/sérfræðingur:	B01	B02	B03	B04	B05	B06	B07	B08	B09	B10	B11	B12	B13	B14	B15	B16	B17	B18	B19
Heildarstig fyrir rim:	20	40	60	80	100	120	140	165	190	220	250	280	310	340	370	400	430	460	500

Dósent/fræðimaður:	C01	C02	C03	C04	C05	C06	C07	C08	C09	C10	C11	C12	C13	C14	C15	C16	C17
Heildarstig:	80	110	140	170	205	245	290	335	410	485	560	700	900	1100	1300	1500	1700

3.4.2 Vísindamenn

Vísindamenn grunnraðast í launarimar samkvæmt neðangreindri töflu og eru stig metin samkvæmt samræmdum matsreglum Félags háskólakennara og Háskóla Íslands, sbr. grein 3.5.

Tafla 1. Gildir fyrir vísindamenn					
Vísindamaður:	I	II	III	IV	V
Röðun í launarimar	C10	C11	C12	C14	C16
Rannsóknastig:		320	480	720	960
Heildarstig:		400	600	900	1200

Tafla 2. Gildir fyrir vísindamenn á Orðabók Háskólans, sem hafa 40% rannsóknarskyldu					
Vísindamaður:	I	II	III	IV	V

Röðun í launarimar	C10	C11	C12	C14	C16
Rannsóknastig:		270	400	550	750
Heildarstig:		400	600	900	1200

3.4.3 Rannsóknavirkni

Í samræmi við ákvæði 2. gr. í kjarasamningi um álag á laun vegna rannsóknavirkni (5%, 10%, 15% og 20%) eru gerðar eftirfarandi stigakröfur:

Rannsóknavirkni:	5%	10%	15%	20%
Rannsóknahlutfall 40%, þriggja ára meðaltal	7 stig	15 stig	25 stig	40 stig
Rannsóknahlutfall 60%, þriggja ára meðaltal	9 stig	18 stig	30 stig	50 stig

Meðaltalið er endurskoðað árlega þegar rannsóknastig liðins árs liggja fyrir. Breytingin tekur gildi 1. september ár hvert (fram til 1. september 2001 verður miðað við árin 1997 – 1999).

3.4.4 Yfirvinnuþak á kennslu

Rammi- A, ekkert nýtt yfirvinnuþak.

Kennsluyfirvinna kennara og sérfræðinga			
Rimar	Tímar að hámarki	Rimar	Tímar að hámarki
B01-B09	60	C01-C06	60
B10	59	C07	58
B11	58	C08	56
B12	57	C09	54
B13	56	C10	52
B14	55	C11	50
B15	54	C12	48
B16	53	C13	46
B17	52	C14	44
B18	51	C15	42
B19	50	C16	40
		C17	38

Viðmiðun kennslulauna fræði- og vísindamanna á einingu skal greiða samkvæmt launaflokki viðkomandi en þó ekki vera hærri en samkvæmt yfirvinnutaxta í C06, þriðja þrepi.

3.5 Samræmdar matsreglur Félags háskólakennara og Háskóla Íslands.

Matsreglurnar eru aðlagðar að úrskurði kjaranefndar fyrir prófessora eins og hann er á hverjum tíma.

I MATSREGLUR

Eftirtalin atriði eru metin til stiga:

Kennsla. Metin er kennslureynsla, svo og sérstakt framlag til uppbyggingar kennslu, gerð kennsluefnis og leiðbeining nemenda í framhaldsnámi.

Rannsóknir. Eftirfarandi atriði eru m.a. metin: Fjöldi vísindalegra ritsmíða og í hvers konar ritum þau eru birt, fjöldi tilvitnana, þátttaka og virkni í alþjóðlegu rannsóknarsamstarfi og fleira.

Stjórnun. Metin eru stjórnunarstörf innan háskóla sem ekki teljast til hefðbundinna skyldustarfa, t.d. formaður skorar, forstöðumaður rannsóknarstofu eða stofnunar, deildarforseti, rektor.

II STIGAGJÖF

Stig eru gefin samkvæmt eftirfarandi:

A. Rannsóknir

Birt verk

Prófrítgerðir.

Kandidats- eða meistaraþrófsritgerð	15 stig
Doktorsnámsritgerð	30 stig
Doktorsritgerð hin meiri	45 stig

Bækur

Bók, fræðirit þar sem kemur fram ný þekking á fræðasviði, þar sem beitt er vísindalegri aðferðafræði, sem hefur haft áhrif í vísindasamfélaginu	10-60 stig
---	------------

Greinar í fræðiritum

Grein birt í alþjóðlegu viðurkenndu tímariti (þ.e. Science Citation Index, Social Science Citation Index og Arts/Humanities Citation Index)	15 stig
Grein birt í öðru fræðiriti (ekki nefnd í SCI, SSCI, AHCI)	10 stig

Ritgerðir í ritrýndum ráðstefnuritum

Kafla í ritrýndu ráðstefnuriti	10 stig
Bókarkafli	10 stig

Annað

Skýrsla, fræðileg	0-5 stig
Álitsgerð	0-3 stig
Útdráttur, ritrýndur	1 stig
Ritdómur	1-2 stig
Fræðslurit fyrir almenning	5-10 stig
Erindi á vísindaráðstefnum	3 stig
Veggspjald á ráðstefnu	2 stig

Þegar fleiri en einn höfundur er að grein eða bók reiknast stig á eftirfarandi hátt:

2 höfundar	1,5 x stig/2
3 höfundar	1,8 x stig/3
4 höfundar	2,0 x stig/höfundafjöldi

Áhrif/viðurkenning

Tilvitnanir, sem getið er um í SCI, SSCI, eða AHCI eru metnar til stiga á eftirfarandi hátt:

Fyrstu 10 tilvitnanir	1 stig fyrir tilvitnun
Næstu 20 tilvitnanir	0,5 stig fyrir tilvitnun
Tilvitnanir umfram 30	0,2 stig fyrir tilvitnun

Fyrirlestrar

"Plenum" fyrirlestur á alþjóðlegri ráðstefnu	10 stig
Erindi í boði háskóla eða vísindaakademíu eða inngangsfyrirlestur á ráðstefnu ("keynote")	5 stig

Störf í ritnefndum vísindatímarita

Ritstjóri	3 stig fyrir hvert ár
Í ritstjórn	2 stig fyrir hvert ár

B. Kennsla

Kennslureynsla

Ráðning í akademískri kennslustöðu við háskóla	10 stig fyrir hvert ár
Kennslutækninámskeið	1-2 stig

Kennslurit

Smárit til háskólakennslu	0-3 stig
Viðamikið kennslurit	10-60 stig

Leiðbeining nemenda

Við meistaraverkefni	4 stig
Við doktorsverkefni	10 stig

Sérstök uppbygging á deild eða skor

25 stig

C. Stjórnun

Formaður skorar	10 stig fyrir hvert ár
Formaður í starfsnefndum háskólaráðs	10 stig fyrir hvert ár
Forstöðumaður rannsóknarstofu- eða stofnunar	10 stig fyrir hvert ár
Varadeildarforseti	10 stig fyrir hvert ár
Deildarforseti	50 stig fyrir hvert ár
Rektor	75 stig fyrir hvert ár
Seta í nefndum á vegum háskólaráðs eða rektors	2 stig fyrir hvert ár

D. Annað

Skipulagning alþjóðlegrar vísindaráðstefnu	3 stig
Seta í nefnd um úthlutun úr rannsóknarsjóði	3 stig
Seta í doktorsnefnd	3 stig
Seta í dómnefnd	2 stig
Andmælandi við doktorsvörn	3 stig

Í samræmi við þau 10 stig sem kennarar með 40% rannsóknarskyldu fá á ári fyrir kennslureynslu (sbr. matsreglur) skulu sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 40% rannsóknarskyldu fá 10 þjónustustig á ári fyrir starfsreynslu, sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 60% rannsóknarskyldu fá 7 þjónustustig á ári en sérfræðingar, fræðimenn og vísindamenn með 80% rannsóknarskyldu fá 3 þjónustustig

á ári. Þjónustustig að viðbættum stigum sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna vegna kennslu í yfirvinnu skulu þó ekki verða fleiri en 10.

E. Þjónusta innan eða utan háskóla

Ákveða má stig fyrir þjónustu innan eða utan háskóla, sem ekki rúmast innan ofangreinds ramma, enda rökstyðji starfsmaður þá beiðni.

Víkja má frá matsreglum þessum, ef sérstaklega stendur á.

4. Forsendur röðunar starfa og starfsmanna í stjórnarsýslu, þjónustu, þjónusturannsóknum og stundakennslu á föstum launum.

4.1 Grunnröðun starfa

4.1.1 Þegar starfi er raðað innan launaramma skal taka tillit til þess hvers það krefst af starfsmanni, skv. eftirfarandi forsendum:

A-rammi:

- Aðstoðarmaður, fulltrúi, verkefnisstjóri I. Röðunin skal einkum byggjast á: Starfsskipulagi, umfangi, álagi og ábyrgð.

B-rammi:

- Verkefnisstjóri II, deildarstjóri I, skrifstofustjóri I, stundakennari á föstum launum. Röðunin skal einkum byggjast á: Starfsskipulagi, umfangi, álagi, sjálfstæði verkefna og faglegru ábyrgð.

C-rammi:

- Verkefnisstjóri III, deildarstjóri II-III, skrifstofustjóri II, forstöðumaður I-II, forstöðumaður deildar á Lsb-Hsb, framkvæmdastjóri. Röðunin skal einkum byggjast á: Starfsskipulagi, umfangi, álagi, sjálfstæði verkefna og faglegru ábyrgð. Við röðun er einnig tekið mið af fag-, manna- og/eða fjárforráðum, hvort starfsmaður er staðgengill yfirmanns, ráðgjöf innan eða utan stofnunar og samstarfi við erlenda aðila.

Við grunnröðun starfa í samræmi við ákvæði samkomulags þessa skal miða við að um sé að ræða viðvarandi/stöðugt verksvið. Því til viðbótar koma persónubundnir þættir sem ráðast af þeim einstaklingum sem gegna starfinu hverju sinni.

Í sérstökum tilvikum þar sem starfsmaður fellur ekki að hinum almennu skilgreiningum er heimilt með samkomulagi í samstarfsnefnd (samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og Félags háskólakennara eða sambærilegrar nefndar skv. 11.2.3 í kjarasamningi félagsins og fjármálaráðherra) að raða honum í ramma B eða C.

4.1.2 Skilgreining starfsheita

Aðstoðarmaður: Starfar undir beinni stjórn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta, sem honum eru faldir.

Fulltrúi: Starfar undir beinni stjórn yfirmanna sinna. Hann nýtir kunnáttu sína og menntun við úrlausn þeirra verkþátta, sem honum eru faldir. Eftir 24 mánuða starf hjá HÍ eða stofnunum hans verði fulltrúi að Verkefnisstjóra I, enda fullnægi hann þeim kröfum sem þar eru tilskildar.

Verkefnisstjóri I: Hefur umsjón með ákveðnum verkefnum eða verkþáttum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Starfar undir stjórn annarra.

Verkefnisstjóri II: Starfar að verkefnum er krefjast faglegrar hæfni og sérþekkingar. Hann vinnur að stórum hluta sjálfstætt að úrlausn þeirra.

Verkefnisstjóri III: Hefur umsjón með viðamiklum verkefnum eða mörgum smærri verkefnum og ber faglega og stjórnunarlega ábyrgð á þeim.

Deildarstjóri I: Stýrir deild eða skipulagseiningu með að lágmarki einum undirmanni. Vinnur að gerð áætlana, úrvinnslu gagna og miðlun upplýsinga.

Deildarstjóri II: Stýrir deild eða skipulagseiningu með að lágmarki þremur undirmönnum. Ber stjórnunarlega ábyrgð á ákveðnum þáttum í starfsemi stofnunar, deildar eða sviðs.

Deildarstjóri III: Stýrir deild eða skipulagseiningu með að lágmarki sjö undirmönnum. Ber rekstarlega ábyrgð á deild. Ber stjórnunarlega ábyrgð á ákveðnum þáttum í starfsemi stofnunar, deildar eða sviðs eða Háskólans í heild. Tekur þátt í faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann.

Skrifstofustjóri I: Stýrir daglegum rekstri skrifstofu og vinnur í samráði við yfirmann. Hefur umsjón með þáttum er varða rekstarlega ábyrgð, vinnur að og skipuleggur verkefnaáætlanir í samráði við viðkomandi yfirmann. Tekur þátt í faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samráði við yfirmann. Takmarkað umfang skv. vísireglu.

Skrifstofustjóri II: Stýrir daglegum rekstri skrifstofu og starfi undirmanna. Hefur umsjón með þáttum er varða rekstarlega ábyrgð, vinnur að og skipuleggur verkefnaáætlanir í samráði við yfirmann. Tekur þátt í faglegri ráðgjöf, þróun og áætlanagerð í samstarfi við yfirmann. Viðamikild umfang skv. vísireglu.

Forstöðumaður I: Ber faglega og rekstrarlega ábyrgð á minni háskólastofnun og stýrir stefnumótun hennar.

Forstöðumaður II: Ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á stærri háskólastofnun og stýrir stefnumótun hennar.

Framkvæmdastjóri: Framkvæmdastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á stjórnsýslusviðum og á stefnumótun þeirra sbr. reglugerð

4.1.3 Grunnröðun starfsheita

Starfsheiti	Lágmarksröðun
Aðstoðarmaður	A01
Fulltrúi	A03
Verkefnisstjóri I	A06
Verkefnisstjóri II	B05
Verkefnisstjóri III	C05
Deildarstjóri I	B06
Deildarstjóri II	C05
Deildarstjóri III	C09
Skrifstofustjóri I	B06
Skrifstofustjóri II	C05
Forstöðumaður I	C04
Forstöðumaður II	C07
Framkvæmdastjóri	C14

4.1.4 Starfsbundnir þættir:

Starfsbundnir þættir skulu metnir til allt að 5 rima í launarömmum A og B, en allt að 4 rima í launaramma C.

1. Starfsskipulag og/eða skipurit stofnunar.
2. Sérhæfing.
3. Álag eða þyngd verkefna.
4. Ábyrgð.

4.2 Röðun starfsmanna

4.2.1 Röðun umfram grunnröðun er vegna menntunar, starfs- og persónubundinna þátta.

Vörpun og röðun starfsmanna á Lbs-Hbs verður gerð í samráði við formann samráðsnefndar háskólaráðs um kjaramál og Félag háskólakennara.

4.2.2 Menntun

Við grunnröðun í A- og B- römmum skv. ofansögðu bætist sem hér segir:

BA/BS.-120 ein. eða hliðstæð menntun	1 rim
M.A./M.S. eða hliðstæð menntun	2 rimar
Doktorspróf eða hliðstæð menntun	3 rimar

4.2.3 . *Aðrir þættir sem taka skal mið af við röðun einstaklinga í launarimar*

Til viðbótar framangreindri röðun er heimilt að hækka starfsmann innan viðkomandi ramma eftir nánara kerfi sem tekur tillit til starfs- og persónubundinna þátta

4.2.4 . *Persónubundnir þættir*

Heimilt er að hækka starfsmann skv. hæfnismati um rimar vegna eftirfarandi einstaklingsbundinna þátta, allt að 4 rimar í launaramma A og B, en allt að 3 rimar í launaramma C:

1. Árangur og færni
2. Frumkvæði og sjálfstæði
3. Samstarfshæfni
4. Starfsreynsla. Starfsreynsla er skilgreind sem samnalögð vinna starfsmanns við sitt fræðasvið/ sambærilegt starf óháð vinnustað. Áunnin starfsreynsla við skammtímaráðningu skal einnig teljast að fullu.
5. Endur- og símenntun sem nýtist í starfi
6. Aðrir þættir sem skipta máli í viðkomandi starfi

4.3 *Stundakennarar á föstum launum*

Reglur um ráðningu og ráðningarréttindi stundakennara á föstum launum verði endurskoðaðar í samráðsnefnd um kjaramál fyrir 1. nóvember 2001. Þeir njóti hækkunar kennsluhluta launa í samræmi við hækkun á kennsluhluta launa lektora.

5. *Ýmis ákvæði*

5.1 *Réttur til endurmats á starfi og framgangur*

Á grundvelli mats og uppsafnaðra stiga starfsmanna með rannsóknaskyldu skal færa starfsmenn milli rima innan ramma. Vegna þess skal deild/stofnun árlega meta árangur í starfi m.t.t. einstakra starfsþátta skv. rannsóknaskýrslu. Mati skal lokið fyrir 1. september ár hvert og gildir rimahækkun frá sama tíma. Við matið skal stuðst við kennslu, stjórnun og rannsóknir á liðnu almanakasári.

Þegar sótt er um flutning milli ramma er gildistími hækkunar næstu mánaðamót eftir að deildarforseti hefur tekið við umsókn og staðfest að hún sé studd fullnægjandi gögnum.

Telji starfsmaður að honum sé ekki rétt raðað miðað við fyrirliggjandi forsendur um röðun, á hann rétt á því að fá forsendur röðunar sinnar upp gefnar og rökstuddar, sem og endurmetnar ef ástæða þykir til.

Ágreiningsmálum skal skotið til samstarfsnefndar (samráðsnefndar um kjaramál eða sambærilegrar nefndar skv. 11.2.3 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra).

5.2 *Vinnumatssjóður*

Aðilar eru sammála um að fjármagn til greiðslu vinnumats vegna rannsókna og stjórnunar (vinnumatssjóður), samkvæmt gr. 1.5.7 í kjarasamningi Félags háskólakennara og fjármálaráðherra skerðist ekki á samningstímanum.

5.3 *Sérstakt tímabundið álag*

Heimilt er að gera samning við starfsmann um að taka að sér sérstakt verkefni sem felur í sér tímabundið álag. Gera skal viðbótarsamning við starfsmann sem tekur tímabundin verkefni að sér t.d. ákveðna verkefnastjórnun, formennsku í nefndum, tímabundið aukið stjórnunarálag umfram stjórnunarskyldu. Samningurinn getur falið í sér afslátt tiltekinnar vinnuskyldu svo sem kennslu eða 1-7 rima hækkun innan

ramma eða sambland þessara leiða til þess að viðurkenna álagið. Hægt er að segja upp tímabundnum verkefnasamningi með þriggja mánaða fyrirvara.

Ef tímabundið verkefni hefur varað lengur en í 2 ár skal tímabundinn samningur verða ótímabundinn. Um uppsögn á slíkum ráðningarkjörum gilda ákvæði laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta ákvæði gildir ekki ef um tímabundið stjórnunarverkefni er að ræða sem kosið er til, s.s. skorarformennsku.

5.4 Starfsmat og hæfnismat

Aðilar eru sammála um að taka upp kerfisbundið starfsmat og hæfnismat m.a. til þess að koma á kynhlutlausu launakerfi og tryggja að starfsmenn fái laun í samræmi við menntun, sérhæfni, ábyrgð og álag. Stefnt skal að því að slíkt mat verði hliðstætt stigamatskerfi kennara og sérfræðinga sbr. gr. 3.5 hér að framan um samræmdar matsreglur. Samráðsnefnd háskólaráðs um kjaramál og Félag háskólakennara skal skipa vinnuhóp til að móta slíkt mat. Vinnuhópurinn skal hefja störf 1. september 2001 og skal matskerfið tilbúið til notkunar 1. maí 2002.

Reykjavík 30. apríl 2001

Fulltrúar í samráðsnefnd fyrir Háskóla Íslands

Fulltrúar Félags háskólakennara